



Börn og getuskipting

Vanda Sigurgeirsdóttir

Lektor í tómstunda- og félagsmálafræði
Íþróttá-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild



HÁSKÓLI ÍSLANDS



Inngangur

- Þegar ég var beðin um að halda erindi á ráðstefnu HÍ og ÍSÍ um þjálfun barna ákvað ég að fjalla um getuskiptingu. Ég ákvað meðvitað að fara sterkt og afdráttarlaust af stað til að vekja athygli og umræðu – og þess vegna talaði ég í viðtalinu á rás tvö um að banna ætti getuskiptingu. Í fyrirlestrinum á ráðstefnunni setti ég fram spurninguna hvort það ætti að banna getuskiptingu í keppni í íþróttum barna 10 ára og yngri og komst að þeirri niðurstöðu að það ætti ekki að banna getuskiptingu en að getuskiptingu fylgdu mörg vandamál. Þá talaði ég einnig um að of mikil keppni og sérhæfing í íþróttum barna væri varasöm – en sú mikilvæga umræða hvarf eiginlega í skuggann af umræðunni um getuskiptingu en ég tel mjög mikilvægt að við gleymum ekki því mikilvæga málefni.
- Hver er staðan hjá mér núna? Eftir að hafa hugsað málið, hlustað á og lesið um rök með getuskiptingu þá er staðan einfaldlega þannig að ég vil ekki hafa getuskiptingu í keppnum hjá börnum 10 ára og yngri. Ég hef sem sagt ekki skipt um skoðun en ég veit aftur á móti vel að það eru kostir og gallar við báðar aðferðirnar og hægt að finna rannsóknir sem styðja getuskiptingu og rannsóknir sem mæla á móti getuskiptingu. Þetta mál hefur því margar hliðar, eins og flest önnur.
- Nú ætla ég að segja ykkur af hverju ég vil ekki getuskiptingu.





Frásagnir foreldra og barna

- Margir íþróttþjálfarar að vinna frábært starf en eigi að síður eru mörg dæmi um óásættanlega framkomu við börn.





Ein af mörgum frásögnum sem mér hafa borist:

- “Þegar barnið okkar var 10 ára gamalt lenti það í mikilli mismunun vegna getuskiptingar þjálfara. Ekki vegna þess að barnið var lækkað um lið eða var í liðinu með lægsta bókstafinn heldur vegna þess að það var ítrekað látið sitja eftir heima í leikjum þar sem þjálfarinn var á sama tíma að nota börn úr yngri flokkum félagsins til að styrkja liðið.
- Æfingar féllu niður á leikdögum þ.e. barnið okkar var ekki eingöngu að missa af leikjunum sem það var mjög spennt fyrir heldur einnig að missa út æfingar þegar önnur börn voru að spila leiki. Þar sem við borgum nú sömu æfingagjöld og aðrir er nokkuð augljóst að barnið okkar var engan veginn að fá sömu þjálfun og önnur börn - og hvað þá sömu þjálfun og börnin sem ítrekað spila uppfyrir sig. Og við efumst ekkert um að þau börn séu betri en okkar barn í fótbolta en það er bara rangt að koma svona fram við 10 ára barn og útiloka það frá leikjum, sem ættu vissulega að vera stór partur af þjálfuninni.
- Barnið okkar upplifði eðlilega mikla höfnun að sjá hvernig nafnið sitt á vefsíðunni þar sem liðin voru kynnt og oftast var ekkert sagt um þessi örfáu börn sem eftir sátu, bara eins og þau væru ekki partur af hópnum.
- Við erum ekki að fara fram á að barnið okkar keppi með eða á móti bestu leikmönnum hvers árgangs, heldur erum við einfaldlega að benda á augljóst dæmi um hvernig getuskiptingin geti leitt til þess að barni sé mismunað og hvernig því er ekki veitt sömu tækifæri og öðrum börnum.“





Frásögn unglings sem hætti í íþróttinni sinni:

- “...Það var líka alltaf þannig að "betri" hópurinn var í "uppáhaldi" hjá skíðþjálfurunum og þess vegna fengum við ekki jafn mikla athygli frá þjálfurunum eins og þessir í "betri" hópunum. Ég var ekkert endilega að segja neinum frá því, man allaveganna ekki eftir að hafa talað mikið um það. Svo gafst ég bara upp, nennti ekki á æfingar, missti bara algjörlega áhugann. Það var alltaf sagt við mig hugsaðu um sjálfan þig ekki hvað aðrir segja við þig. En stundum er það bara ekki hægt, maður tekur þessu öllu nærri sér.”





Hér erum við sammála

- Rannsóknir sýna fram á ótvírætt gildi þess fyrir börn að stunda íþróttir og er um að ræða bæði líkamlega og andlega kosti.
- Aftur á móti er ekki öruggt að hægt sé að ná fram þessum kostum með þátttökunni einni saman, því rannsóknarniðurstöður benda til að það eru gæði þjálfunar og hinna fullorðnu leiðtoga sem eru lykillinn að því að hámarka hin jákvæðu áhrif.





Og hér

- Of mikil keppni í íþróttum barna
 - Ótal rannsóknir sýna fram á þetta
 - Slæm áhrif of mikillar keppni
 - Góð áhrif þess að stunda margar íþróttir
 - Góð áhrif þess að áherslan sé á að hafa gaman





Og hér (held ég): Sérhæfing

- 98% þeirra sem sérhæfa sig sem börn ná ekki mjög góðum árangri (never reach the highest level) (Wiersma, 2000).
- Sérhæfing á unga aldri er talin auka “burnout” og brottfall í íþróttum (Wiersma, 2000).
- Rannsóknir í Rússlandi, þar sem sérhæfing var stunduð á háu stigi, hafa sýnt að þeir sem sérhæfa sig seinna ná betri árangri (Barynina og Vaitsekhobvski, 1992) og Bompa, 1995 – sem vísaði í margar rússneskar rannsóknir – sagði að það að sérhæfa sig snemma þýðir ekki betri árangur og í raun komu fram niðurstöður sem sýndu að það að stunda margar íþróttir leiddi til betri árangurs.
- Þetta snýst því ekki um að sérhæfa sig **ekki**, íþróttafólk þarf að sérhæfa sig, þetta snýst um **á hvaða aldri** sérhæfing á að byrja.
- Þar sem sérhæfing á unga aldri virðist hafa neikvæð andleg, líkamleg og félagsleg áhrif mæla hópar eins og American Academy of Pediatrics (2000; 2007) með því að aðgát sé höfð þegar kemur að sérhæfingu á unga aldri.





Sjálfsskoðun

- Íþróttahreyfingin þarf að skoða hvort það sé misræmi á milli sýnar og stefnu hreyfingarinnar á íþróttum fyrir börn og því sem raunverulega er í gangi.
- Er munur á milli hvað íþróttahreyfingin vill og hvað hún gerir?





Skólastarf

- Getuskipting í skólastarfi hefur verið í umræðunni lengi.
- Grunnskólakennarar ræða hana auðvitað, einkum í unglingadeildum.





Erlendar rannsóknir

Tvennt er alveg ljóst úr niðurstöðum stórra erlendra rannsókna:

- Það að skipta nemendum eftir getu í bekkir skilar ekki meiri námsárangri eða hærra einkunnunum að meðaltali. Það er helst ávinningur af slíku kerfi fyrir sterkustu nemendurna - sem fá allra hæstu einkunnirnar hvort eð er, en þeir sem eru slakir á einhvern hátt tapa oftast nær á slíku kerfi. (Kristín Jónsdóttir, lektor í kennslufræði við kennaradeild menntavísindasviðs HÍ)





Getuskipting í skólastarfi á Íslandi

- Hér heima hafa menn verið að færa sig frá getuskiptingu í grunnskólum vegna ókostanna sem henni vilja fylgja. Einn stærsti ókosturinn er oft að áhugaleysi og metnaðarleysi nær undirtökunum í hægferðarhópum eða slökustu bekkjunum, og fylgifiskur þess er oft lélegt sjálfstraust.

(Kristín Jónsdóttir, lektor í kennslufræði við kennaradeild menntavísindasviðs HÍ)





Getuskipting í íþróttum í Noregi

Bente Skogvang, lektor í íþróttá- og heilsufræði við háskólann í Hedmark, þjálfari og fótboldadómari:

- Í Noregi er bannað að getuskipta upp að 11 ára aldri.
- Ástæðan: Allar rannsóknir sýna að það að getuskipta er verra fyrir börn.





Gagnrýni á getuskiptingu frá Svíþjóð:

Swedish Soccer is Seeking for Talent but finding Age eftir Tomas Peterson

- We have seen that the dominant feature of the current youth training program, at both elite club and national Football Association levels, is a **pyramid-shaped selection system that “makes toothpicks from tree trunks”**. The rationale for this appears to be the point of view that considers the available material for selection to far exceed the number of available places at elite club and national team levels. Many clubs begin to select out children already as 10-year olds, either in “first” and “second” teams, or else by selecting “the best” and forcing the others out of the training program. This behaviour is obviously perceived by the clubs as meeting their needs, but for Swedish football in general **such a stringent selection process is likely to be counter-productive**. On the contrary, as many children as possible should be encouraged to continue with football for as long as possible.





Vandamálin með getuskiptingu

- Ég sé alveg ákveðna kosti við getuskiptingu EN um leið og við tölum um kostina verðum við að horfast í augu við þau vandamál sem getuskiptingu geta fylgt.
- Hér á eftir ætla ég að nefna 6 atriði sem ber að varast / vera vakandi fyrir.
 - Og aftur vil ég benda á að margir eru að gera þetta vel nú þegar





Höfnun, útilokun, dragast aftur úr, sjálfstraust

Úr lokaritgerð eftir Rannveigu Kristjánsdóttur frá 2007:

- " Kennarar hafa stundum fallið í þá gildru , við skipulagningu kennslu í mikið getublönduðum bekk, að skipta nemendum í hópa eftir getu. Getuskipting getur haft þær afleiðingar að þeir sem ekki falla inn í hópinn námslega verði útilokaðir frá honum, þeir dragist aftur úr..."





Brottfall

- Brottfall er mikið, það er ljóst.
- Allt brottfall er auðvitað ekki getuskiptingu að kenna en getuskipting getur og hefur valdið brottfalli.





Fæðingardagsáhrifin

Grein þar sem fjölmargar rannsóknir eru dregnar saman: Annual Age Grouping and Athlete Development. A Meta-Analytical Review of Relative Age Effects in Sport. Stephen Copley, Joseph Baker, Nick Wattie og Jim McKenna, 2009. Í greininni kemur eftirfarandi fram:

- Fæðingardagsáhrif eru ekki í öllum íþróttum (ekki í golfi) og mismikil eftir íþróttum, m.a. mikil í knattspyrnu. Í greininni leggja þeir fram nokkrar lausnir til að vinna á móti fæðingardagsáhrifunum, t.d. að breyta aldurssamsetningu í flokkum en enda á að segja að kannski sé best að fresta því að skipta eftir getu:
- **A less challenging solution is to delay the processes of selection, identification and representation beyond stages of puberty and maturation (i.e. 15–16 years of age).**
- **Governing bodies and coaches should reconsider the necessity for early selection and intensive training at junior and child ages.**





Væntingar

Margar rannsóknir sýna hvað væntingar hafa mikil áhrif:

- Þrátt fyrir að hinir fullorðnu geri það ekki meðvitað þá hefur komið í ljós að þeir koma mismunandi fram við börn út frá þeim væntingum sem þeir gera til barnanna. Og börnin hegða sér á mismunandi hátt eftir því hvernig þau upplifa væntingar hinna fullorðnu. Ef um getuskipta hópá er að ræða geta börnin í lakari hópum fengið þau skilaboð að þau séu ekki eins góð/hæfileikarík.
- Þetta getur haft þær afleiðingar að árangur (jákvæður eða neikvæður) skapast að vissu leiti út frá í hvaða hópi þau lenda (jfr Boaler o.fl. 2000) – eða í íþróttum: Í hvaða liði þau eru.





Getuskipting getur merkt börn og elt þau út fyrir æfingatíma

- Slavin (1987) segir að það að skipta börnum í hópa eftir getu á það til að hafa áhrif yfir lengri tíma, í raun festast og vera mjög sýnilegt, sem getur aukið hinar neikvæðu andlegu afleiðingar þess að tilheyra lélegri hópi.
- Hart (1996) segir að hópar byggji upp ákveðna menningu með eigin hegðunarreglum og gildum sem endurspenglar stöðu þeirra í valdaröðinni/valdapíramídanum. Fyrir hópa með lágan status geta afleiðingarnar verið neikvæðar og smá saman leitt af sér að þau fjarlægast þau gildi og markmið sem eru í skólanum/íþróttafélaginu.





Munum að sinna öllum

Leikur í c liði á sama tíma og a liði

- “Legðu þig nú fram karlinn minn!”
- “Mamma það skiptir engu máli, því þjálfarinn er bara að horfa á A liðið”

Mamman ræðir við þjálfarann sem svarar:

- “Nei það gengur ekki upp því það þarf að stýra strákunum í A liðinu svo mikið inni á vellinum”





Strong people
don't put others
down...
They lift them up.

~ Michael P. Watson

QUOTEDIARY.ME

- Það er hægt að getublanda og fá hina betri til að gefa á hina lakari og ekki skammast.
- Þetta er þjálfunarlegt atriði





Dæmi um getublöndun

- “Dóttir okkar æfði fótbolta í Bandaríkjunum þegar við bjuggum þar, 8 ára þá. Hana hlakkaði alltaf til að mæta á æfingar. Þar var alltaf passað að blanda saman krökkum með misjafna getu og eins spiluðu líka stundum stelpur og strákar saman. Þegar það átti að keppa var lagt á það áhersla að það væri val að vera með en alls ekki skylda og að allir fengju að spila og að ekki yrði reynt búa til eitt betra lið en annað. Það kæmi síðar (nágast High School). Þegar við fluttum heim hóf hún æfingar með liðinu í hverfinu, en fljótlega kom í ljós að þar snerist allt um í hvaða hóp þú varst, A,B eða C. Fljótlega nennti dóttir okkar ekki lengur að æfa fótbolta og þegar ég fór að ganga á hana hvers vegna, var svarið að henni liði eins og LOOSER í hvert skipti sem skipt væri í hópa. Ég var ekki viss um að hún yrði nokkur tímamann efni í A hóp en ég vissi að ég **VILDI EKKI INNLEIÐA HJÁ HENNI AÐ HÚN SÉ LOOSER**, ég samþykkti því að við fyndum einhverja aðra íþrótt. Hana hlakkar núna til fyrir hverja æfingu í frjálsum þar sem hún æfir og keppir á sínum forsendum (10 ára í dag).”





Og annað dæmi

- Þegar við komum til Noregs í ágúst á þessu ári hafði dóttir mín verið að æfa fótbolta á Íslandi, en hætti í júlí vegna þess að henni fannst þetta bara orðið of mikið, hún var að æfa 3 sinnum í viku og svo var bara keppt á mótum á 4 til 6 vikna fresti og þetta var ekki að henta henni. Hún er frekar efnileg í boltanum og var hún stundum að keppa með eldri stelpum. Eftir að við komum hingað út hefur hún aldrei minnst á það að hætta í boltanum. Hér æfir hún 1 sinni í viku og er mjög ánægð með það. Þegar hún byrjaði að æfa hér í ágúst kom hún beint inn í seinni hluta keppnistímabilsins og fór að keppa með þeim strax. Þjálfara hennar eru mjög duglegar að skipta öllum leikmönnum jafnt útaf. Eins og gengur og gerist í þessari íþrótt eru stelpurnar í flokknum mjög mis góðar og breytir það engu, þær stelpur fá að spila jafnt og hinar og ekki er getuskipt. Og aldrei hef ég heyrt neina verið að skammast út af því, hvorki stelpurnar né foreldra. Þá eru þær betri ekki að skammast út í þær lakari og þær gefa alveg boltann, þannig að allar eru með. Svo eru stelpur í flokknum hennar sem bara æfa en vilja ekki keppa og eru allir sáttir við það. Þær keppa ef þeim langar annars ekki. Mér finnst engin pressa á þeim hér um að þær verði að keppa af því að þær eru svo góðar. Allavega er mín niðurstaða sú að stelpan mín er miklu ánægðari hér í boltanum heldur en hún var á Íslandi. Hér æfa alveg jafn margar stelpur og þar sem hún var áður.
- Gleymdi að setja inni söguna að hér hefur hún farið á tvö fótbolta mót og þar voru stigin ekki talin allir fengu verðlauna grip með heim. Og allir ánægðir.





Hvað vil ég fá út úr þessu?

- Að við öll sem erum að þjálfra börn viðurkennum fyrir okkur sjálfum að getuskipting er varasöm. Þannig að þó við tökum ekki upp norska kerfið á morgun þá er það allt í lagi mín vegna BARA ef mér hefur tekist að opna augu, huga og hjarta þjálfara og foreldra og að við munum passa okkur enn meira héðan í frá þegar kemur að keppni, sérhæfingu og getuskiptingu í íþróttum barna.

